



24. apríl 2024  
Tilv.: 2404032

Dreifibréf nr.: 15/2024  
Til mótaðila í afleiðuviðskiptum

**Efni:** Nýjar kröfur um skýrslugjöf vegna afleiðusamninga skv. 9. gr. EMIR

Hinn 18. maí 2021 tóku gildi lög nr. 56/2021 um breytingu á lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 (dregið úr reglubyrði). Með þeim var innleidd í íslensk lög reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunarskyldu, frestun á stöðustofnunarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og kröfurnar fyrir afleiðuviðskiptaskrár (EMIR Refit). Skýrslugjafarskyldan er nánar útfærð í [reglum Seðlabankans nr. 1300/2023 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár](#).

Með EMIR Refit voru gerðar umtalsverðar breytingar á ákvæðum 9. gr. EMIR reglugerðarinnar (ESB) nr. 648/2012 hvað varðar skýrslugjöf vegna afleiðuviðskipta og eru þær breytingar nánar útfærðar í eftirfarandi framseldum reglugerðum (framseldu reglugerðirnar):

- [Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar \(ESB\) nr. 2022/1855](#) um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa og tegund tilkynninga sem ber að nota;
- [Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar \(ESB\) nr. 2022/1860](#) um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar staðla, snið, tíðni og aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar.

Við gildistöku framangreindra framseldu reglugerða innan Evrópusambandsins (ESB) þann 29. apríl n.k. verður breyting á þeim sniðmátum sem nota þarf til að skila skýrslum um afleiðuviðskipti til afleiðuviðskiptaskráa í ESB ríkjunum. Stefnt er að því að gerðirnar verði innleiddar í íslenskan rétt með reglum Seðlabankans eins fljótt og hægt er eftir að þær hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Með dreifibréfi þessu beinir fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands því þeim tilmælum til íslenskra mótaðila í afleiðuviðskiptum að hefja aðlögun að nýjum kröfum EMIR Refit um skýrslugjöf vegna afleiðuviðskipta við allra fyrsta tækifæri.

Eftir 29. apríl n.k. mun fjármálaeftirlit Seðlabankans líta svo á að skilaaðilar geti einnig uppfyllt ofangreinda skýrsluskilaskyldu, sem mælt er fyrir um í 9. gr. EMIR og reglum Seðlabankans nr. 1300/2023, með því að skila skýrslum á hinu nýja sniðmáti í samræmi við framseldar reglugerðir (ESB) nr. 2022/1855 og (ESB) nr. 2022/1860. Verði ofangreind tilhögun til þess að skil á einhverjum skýrslum um afleiðuviðskipti náist ekki fyrir

lögbundinn frest (T+1) er þeim tilmælum beint til skilaaðila að skila þeim skýrslum afturvirkir á nýju sniðmáti eins fljótt og auðið er.

Ef spurningar vakna vegna þessa dreifibréfs er hægt að senda þær á [emir@sedlabanki.is](mailto:emir@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir  
framkvæmdastjóri  
háttsemiseftirlit

Hörður Tulinius  
sérfræðingur  
háttsemiseftirlit

